

# 20 HLUTIR

## SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM TUNGUMÁL EVRÓPU



### SILBO-TUNGUMÁLIÐ

á spænsku eyjunni La Gomera er aldagamalt flautumál sem er enn kennt í skólum á svæðinu.


### MALNESKA

er eina tungumálið í Evrópu sem tilheyrir afróasísku tungumálaættinni (sem arabíska, hebreska, berbíska og hása tilheyra einnig).

Rnanósknir hfaa snýt að það spitikr ekki mlái í hðava röð sfaitr í oðri eru, það enia sem sikipitr mlái er að frytsi og sðsíati saftrunin séu á rttuém satð. Þttea satafr af því að mnnashleinin les ekki hevrn satf fryrir sig, hdeulr oðrið í hleid snini.

### EUSKARA,

eða baskneska, er talið vera eitt elsta tungumál Evrópu. Uppruni þess er óviss.



Rússneska var fyrsta tungumálið sem var talað í **GEIMNUM**.

### LITHÁÍSKA

er mjög lík fornsanskrit og er elsta talaða indó-evrópska tungumálið



Talið er að **FYRIR UM 70.000 ÁRUM**

hafi átt sér stað breyting í mannsheilanum sem gerði manneskjum skyndilega kleift að þróa með sér flókið tungumál og að hugsa um hluti sem voru ekki raunverulega á staðnum. Þetta leiddi til þess að fólk gat tjáð hugmyndir sínar, fyrirætlanir, trúarskoðanir og önnur flókin hugtök.



Yfir helmingur Evrópubúa er

### TVÍTYNGDUR

Hvert tungumál hefur að geyma

**50.000** orð eða fleiri.

Almennt kunna móðurmálshafar milli

**15.000** og **20.000**

orð en nota einungis nokkur hundruð þeirra daglega.

Í Evrópu eru töluð um

**225 FRUMBYGGJAMÁL** – það eru 3% af öllum tungumálum heims

## αβγδε

Þú kannt meira í grísku en þig grunar! Þú þekkir ábyggilega hugtökin alfa, beta, delta, gamma og kannski líka π og P. Mörg hugtök sem notast er við í stærðfræði, stjarnfræði, líffræði, landafræði, heimspeki, stjórnárum og tæknigeiranum eiga rætur sínar að rekja til grísku.

## ř

### ERFIÐAST AÐ BERA FRAM?


Hljóðið sem tékkneski stafurinn ř stendur fyrir er sagt vera eitt af erfiðustu hljóðum heims til að bera fram – nema þú sért frá Tékklandi!



### SÁTTMÁLI EVRÓPURÁÐSINS UM SVÆÐISBUNDIN TUNGUMÁL OG TUNGUMÁL MINNIHLUTAHÓPA

er eini samningur heims sem hefur það að markmiði að vernda og efla svæðisbundin mál og minnihlutamál.

Flestir Evrópubúa hafa rússnesku, þýsku, frönsku, ensku eða tyrknesku (í þessari röð) að móðurmáli.



Ein af meginstafrsetningarreglum serbnesku er: „**SKRIFAÐU EINS OG ÞÚ TALAR OG LESTU EINS OG ÞAÐ ER SKRIFAÐ**“.

Með þessu er átt við að m.a.s. erlend sérnöfn eru skrifuð í samræmi við framburð, t.a.m. er New York skrifað *Njujork* og Gérard Depardieu *Žerar Depardje*.



Meira en **200 GERVIMÁL** hafa verið búin til fyrir bækur og bíómyndir (t.d. álfamál í Hringadróttinssögu og Klingon í *Star Trek*).

Nýlegar læknisrannsóknir hafa leitt í ljós að tileinkun annars tungumáls GÆTI seinkað framgangi **HEILABILUNAR**.

### INDÓ-EVRÓPSK TUNGUMÁL

eiga rætur sínar að rekja til forn máls sem var talað fyrir 4.000 – 5.000 árum. Flestir mannfræðingar sem sérhæfa sig í tungumálum telja það hafa tilheyrt menningarheimum staðsettum nálægt Kaspíahafinu. Þaðan hafi það dreift sér til Evrópu og Indlands.

Samkvæmt Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sp eru a.m.k.

**43%**

af þeim 6.000 tungumálum sem eru töluð í heiminum í **ÚTRÝMINGARHÆTTU**



### KINSHASA,

höfuðborg Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, er önnur stærsta borg heims þar sem franska er töluð, á eftir París en á undan Montréal og Brussel.

**26. september**  
Evrópski tungumáladagurinn

